11. Eggert Sigfússon, prestur að Vogsósum.

Sagnir um séra Eggert Sigfússon á Vogsósum. Rithönd ókunn.

22 bls. oct.

Sjá Blöndu III 191 o. áfr.

# Sagnir
## frá sjera Eggert Sigfússyni á Vogsósum. (f. 22/6 – 1840. d. 12/10 – 1908.)

### I.

Þegar sjera Eggert var prestur til Klausturhóla-prestakalls í Grímsnesi, reið hann til uppboðs að Búrfelli. Var þá Þorsteinn Jónsson kanselíráð sýslumaður í Árnessýslu og bjó að Kiðjabergi. Hjelt hann uppboðið. – Að loknu uppboðinu varð Þorsteinn nokkuð við öl, eins og hann átti stundum vanda til. Kom hann þá að máli við prest og urðu þeir ásáttir um, að verða samferða frá uppboðinu. Sýslumaður vissi það, að prestur var ekki mikill reiðmaður, en sjálfur var sýslumaður reiðmaður mikill og átti hesta góða. En er þeir voru komnir af stað, drógst prestur brátt

aftur úr. Vjek þá sýslumaður til hans og fjekk prest til að hafa reiðskjótaskifti við sig. Hestur sýslumanns var ferðahestur góður og ærið heimfús. – Var nú hart riðið og þótti presti sjer nóg boðið; fagnaði hann þeirri stund mest, er hann kæmist heim. Og er þeir komu gagnvart Klausturhólum, þar sem prestur átti heima, vill hann fyrir hvern mun heim, en þess var þá enginn kostur fyrir sýslumanni. Keirði hann hestinn undir presti og rak alt hvað af tók alla leið til Kiðjabergs; svo hart, að prestur sá sjer aldrei fært að stíga af baki. Hafði prestur fyrir löngu slept öllu taumhaldi, en hjelt sjer dauðahaldi við hestinn með höndum og fótum. – Þegar til Kiðjabergs kom, var prestur örmagna af þreytu og hræðslu, og lá þar rúmfastur í þrjá daga. Hjet

hann því þá, að hann skyldi aldrei að nauðalausu framar á hestbak koma, og er mælt, að hann hafi vel efnt það heit síðan.

## II.

Nokkru áður en undanfarandi saga gerðist, var það um sumarkauptíð, að sjera Eggert þurfti að ferðast til Reykjavíkur. Hest átti hann engan, en fjekk hjá frú Steinunni Bjarnadóttur, er hann var hjá til húsa, hest einn gamlan, hagfara, bleikann á lit. – Synir frúarinnar voru í kaupstaðarferð fyrir neðan heiði. – Leggur sjera Eggert af stað, og er ei getið ferða hans fyr en hann kemur í Ölfusvötn. Mætir hann þar sonum frúarinnar, og verða þar kunningjakveðjur. Spyr annar bræðranna prest, hvernig honum gefjist að reiðskjótanum, og kvaðst

prestur vera ánægður með hann.
Sá þeirra bræðra, er fyrir svörum var, kvaðst trúa því; en sá galli væri á klárnum, að hann væri eitt strokgjarn, og væri því presti vissara að hugfesta vel mark og einkenni á hestinum, ef svo færi, að hann skyldi missa hans. – Fer þá prestur til og skoðar hestinn í krók og í kring, og eftir nákvæma rannsókn hefur hann upp róminn og segir: „Eftir á að hyggja, hesturinn er þá bleikur; jeg ætla að muna það, að hesturinn er þá bleikur!"
Hafði prestur þannig riðið klárnum alla leið austan úr Grímsnesi og suður í „Vötn" án þess, að taka eftir hvernig hann var litur.

III.

Þegar sjera Eggert var í Klausturhólum, bar svo við eitt sinn, að vinnumaður þar kom heim frá fjárgæslu, en kafaldsbylur var á af norðri. Var þetta árla dags. Prestur var ei risinn úr rekkju þegar vinnumaður kom inn, og spyr prestur hann til veðurs. Sauðamaður kvað ilt veður vera með byl af norðri. Prest grunaði þá að sauðamanni mundi kalt vera og býður honum "bittersnaps," og kvað hinn sjer það vel líka. Prestur teygði sig þá, svo langur sem hann var, alsnakinn (því svo hvíldi hann jafnan) upp á hyllu, er þar var yfir höfðalagi prests, og tekur þaðan brennivínsflösku og bitterglas og skenkti síðan sauðamanni fullt staup af bitterbrennivíni. En er sauðamaður bergði á staupinu, gjet hann á sjer heyra að sjer findist einhver afkeimur af bitter þessum, og bað prest að bragða á og vita hvort hann

vari sjer ei samdóma. Prestur blandaði sjer þá bittersnapsi, en er hann hafði tæmt út staupið, varð honum litið á miðann; er á glasið var límdur. Varð hann þess þá vísari, að það var ekki sá "ekta bitter", sem á glasinu var, heldur var það "Jod", sem þeir höfðu drukkið saman við brennivínið í bitters stað. En svo varð presti bilt við þetta, að hann stökk strípaður fram úr sænginni og niður á gólf, greip af öllum kröftum um kvið sjer, engdist saman í kút og óskraði alt hvað af tók um hjálp, því hann hefði drukkið eitur. - Griðkona ein heyrði óhljóð prests og skygndist eftir hvað um væri að vera. - Jafnskjótt og prestur verður hennar var, skipar hann henni að gefa sjer sem allra fyrst spenvolga nýmjólk að drekka, því hún væri eiturdrepandi, og myndi hann brátt deyja, ef ei væri skjótt að gjört, því hann hefði gleypt eitur. - Hljóp þá stúlkan til fjóss; en er hún var að setjast undir kúna, kemur prestur í fjósið, alstrípaður í bylnum. Beið hann skjálfandi á miðjum flór meðan mjólkað var og svalg svo mjólkina í stórum teygum. - Ei er þess getið, að honum hafi meira meint við ortið, og ei heldur, hvernig hann fór að komast til bæjar aftur.

## IV.

Þá er sjera Eggert var í Grímsnesinu, var það vandi hans, að ferðast til Eyrarbakka þá er á vetur tók að líða. Fór hann ferðir þar jafnan fótgangandi og gisti þá ætíð í Byggðarhorni, að Gunnars

bónda Bjarnasonar, góðum bó-
Einn vetur var það, að hann kom
að Bygðarhorni, að hann kemur
að öðrum inn í bæinn. Þegar
hann kemur í baðstofu, skygnist
hann um, án þess að heilsa og segir:
"Hjer er þá soðning." - Margrjet hús-
freyja bauð hann velkominn og
spyr hann hvort hún megi bjóða
honum soðninguna. - Kvaðst prestur
verða "sárfeginn". - Mataðist svo
prestur og var hann rólegasti, og
baðst síðan gistingar. - Hús-freyja
hafði vonsku fingurmein í vísifingri
á hægri hendi. Hafði hún farið nokkr-
ar ferðir til Tegners praktíserandi
læknis, er þá sat á Eyrarbakka,
og hafði honum lítið áunnist
að græða meinið. - Morgun þenna,
er prestur var þar nætursakir,
var hann allur í burt áður en
fólk kom á fætur; en að skömmum

tíma liðnum kom hann inn með
klakastykki allmikið og bað um
að ljá sjer alinmál, því það væri
svo fróðlegt að vita hvað þykkan
ís hefði lagt um nóttina. Mældi
hann klakann nákvæmlega og rit-
aði í vasabók sína þykt hans.
Þegar morgunverður var á borð
borinn, tók prestur fyrst eftir því,
að húsfreyja bar hönd í fatla.
Spyr hann hana þá, hvort hún
hafi ilt í fingri, og kvað hún það
satt vera, og að hún hefði litla
hjálp fengið hjá Tegner lækni. -
Sjera Eggert kvað fróðlegt að sjá
fingurmein, "því einusinni ætlaði
jeg að stúdjera læknisfræði og var
byrjaður á því, en hætti við það,
af því mjer leist ekki á það". -
Konan leysir nú frá fingri sjer alls-
hugar fegin yfir því, að prestur kunni
að geta gert sjer til góða. - Prestur

skoðar nú fingurinn vandlega
þegjandi, þar til hann segir:
„Já, Gótur er hann! Jeg held nú
af tvennu illu væri skást að taka
hann af!" – Húsfreyja kvað baga-
legt að missa fingur, en þó ekki hvað
síst vísifingurinn af hægri hendi. –
Prestur rjettir þá fram hægri hand-
legginn, bendir og potar vísifingrinum
í allar áttir og segir síðan: „Já,
það er nokkuð satt, sem konan segir,
það er ekki svo notalegt að missa
vísifingurinn af hægri hendinni;
það er alveg satt, sem konan segir."
Meira gat hann ekki ráðlagt kon-
unni, en kvaddi í snatri, bað
um dreng til fylgdar, því þoka
var komin, og fór síðan. –
Þegar þeir komu í nánd við Ásgauts-
staði, (þar bjó þá Jón prestur Björnsson)
steig sjera Eggert upp á hundaþúfu
háa, er á vegi hans varð, og hristi
sig þar allan og skók mjög afkára-
lega. Hann var í yfirfrakka stórum
og hafði aðeins hnept um hálsinn,
en var ekki í ermunum. – Drengur
vissi ekki hvað þetta átti að þýða
og varð nær því skelkaður yfir því,
að prestur væri ekki orðinn með öllum
mjalla, því frakkinn slettist mjög
stórkostlega til og frá. – Eftir
nokkra stund spyr prestur: „Er
ekki óskóp að sjá mig?"
„Og jú!" svaraði drengurinn.
„Það væri líkast til myndarlegra
að fara í frakkann áður en jeg kem
heim að Ásgautsstöðum. Er ekki svo?"
Fór hann svo í frakkann, skildi við
drenginn og gekk heim á staðinn.

## V.

Sjera Eggert var um tíma í Vað-
nesi hjá systur sinni Þóru, konu
Eggerts, er þar býr enn. – Þurfti hann

þá náttúrlega oft að gegna prestsverkum, en fór flestar þær ferðir á feti.-

Lækir nokkrir falla til og frá um prestakallið, sem ei er hægt að klaupa yfir, en presti þótti ilt að vaða.- Kom honum þá það ráð í hug, að hann ljet gera sjer einn skinnsokk af leðri, klofháan, og bar svo afinlega skinnsokkinn með sjer. Valdi hann síðan mjóddir á lækjum, smokkaði sjer í skinnsokkinn og steig þeim fætinum, sem í skinnsokknum var, ofan í vatnið. En oft varð hann arið að glenna sig þar sem breitt var.- En eftir þetta komst hann oftast þurrum fótum yfir læki þá, er á leið hans urðu.

## VI.

Eftir að sjera Eggert kom að Vogsósum, þjónaði hann Krýsuvíkursókn. Fór hann avinlega fótgangandi til Krýsuvíkur.

Eitt sinn sem oftar fann hann dauða kind á leið sinni, og sagðist honum svo frá því:

Jeg fann dauða kind hjerna á leiðinni, en hrafninn var búinn að jeta úr henni augun og tunguna og rífa hana í hupþinn, - og mikið hjer-n-á!" - Lyfti prestur sjer þá upp í sætinu og benti á enda sjer.

## VII.

Meðan sjera Eggert var prestur í Grímsnesinu kom hann einusinni sem oftar til Eyrarbakka og dvaldi þar nokkrar nætur, því hann var þar uppalinn og því kunnugur.

Á meðan hann dvaldi þar fæddist barn hjá bónda einum, er var veikt, og þótti því óráð að láta skírn dragast; en sóknarpresturinn, er

þá bjó á Ásgautsstöðum, var eitthvað veikur, svo hann treystist ekki til að fara og skíra barnið.
Sendir hann því sjera Eggerti, er hann vissi að var staddur á Eyrarbakka, hempu sína og biður hann að skíra barnið fyrir sig.
Sjera Eggert bregður fljótt við því og tekur að sjer að skíra. – Þegar hann var kominn í hempuna segir hann: „Á að syngja nokkuð?“
„Betur kann maður við það“ ansaði faðir barnsins.
„Það má gera það, þó það sje meiningarlaust“ – kvað prestur.
Var nú sungið sem vanalega og tók prestur til að skíra. Las hann skírnarformálann, og að honum loknum sest hann niður og steinþegir, svo menn hugðu honum eitthvað meint vera. – Þegar hann hafði setið svo um stund, segir hann og stendur upp: „Þá er nú þetta búið!“
Bóndi segir þá: „Gleymduð þjer ekki að ausa barnið vatni?“
„Jú, eftir á að hyggja, gleymdi jeg að ausa barnið vatni,“ – ansaði prestur; „það mun vera myndarlegra að ausa barnið vatni, þó það, að minni hyggju, sje alveg meiningarlaust!“
Jós hann síðan barnið vatni og nefndi það nafni, sem venjulegt er, og var svo skírnarathöfninni lokið.

## VIII.

Eitt sinn gistu þeir sjera Eggert og sjera Brynjólfur á Ólafsvöllum hjá Jóni Árnasyni í Þorlákshöfn, en lítið gáfu þeir sig hvor að öðrum guðsmennirnir og töluðu varla orð hvor við annan.
Sjera Brynjólfur hvarf eitthvað frá, en þá segir sjera Eggert: „Óttalega er hann kúnstugur

þessi sjera Brynjólfur, hm..!“

Að litilli stundu liðinni þurfti sjera Eggert að ganga út erinda sinna, og er hann var farinn út, segir sjera Brynjólfur: „Það er ekki prestslegur maður þessi sjera Eggert.“

## IX.

Á fyrstu prestskaparárum Eggerts prests Sigfússonar á Vogsósum rak hval á reka Strandarkirkju, og bar presti að koma hvalnum í peninga.

Nokkru síðar átti prestur tal við kunningja sinn um þetta, og kvaðst hafa haft mikið fyrir að koma reka þessum í verð. – Loks verður honum að orði: „Það vildi jeg að guð gæfi, að aldrei ræki hval framar á Strandarkirkju-reka, – <u>síst</u> stóran!“

× Selvogur 1901.

(Meðtekið 12. marts 1901.

Eggert orðinn lúinn,
organistinn snúinn,
kirkjan köld og fúin,
klerkurinn nærri flúinn.
Áheit eru búin.
Öll er hjörðin rúin.
Tæp er orðin trúin.
„Tarna“ er Gjóta frúin!“

(V. Br.?)

(Eftir handriti E. Sigfússonar).

Verslunina á Eyrarbakka fjekk kaupmaður Sunckenberg. Hann keypti 1795 jarðirnar Einarshöfn og Skúmstaði af hinni konunglegu íslensku og finnmersku verslunarsölunefnd fyrir 319 Rdl. 85½ Sk. Verslunarstjóri Sunckenbergs var þá Niels Lambertsen. Þegar Sunckenberg dó, gerðist Lambertsen kaupmaður á Eyrarbakka og keypti jarðirnar af búi Sunckenbergs fyrir sama verð.

(Eftir handriti Eggerts prests Sigfússonar á Vogsósum.)

## Kápan.

Einusinni keypti sjera Eggert sjer skósíða kápu suður í Reykjavík og gekk í henni austur í Vog. En á leiðinni þótti honum kápan flækjast fyrir fótum sjer og tefja ferð sína, svo hann gerir sjer lítið fyrir: tekur upp sjálfskeiðing sinn og skellir neðan af henni í knjesbótum; sker neðanafskurðinn í fjóra parta og kastar pörtunum í norður og suður, austur og vestur. Hvað það hefir átt að þýða, er óráðin gáta. –

## Orgelvíxlan.

Strandarkirkja keypti einusinni nýtt orgel, fremur gott. Sjera Eggert vildi láta góðan spilara vígja það, og fjekk til þess

Jón organista Pálsson á Eyrarbakka. – Helgi Jónsson á Stokkseyri fór með Jóni út í Selvog um haustið þetta ár. – Þann dag var fremur hryssingslegt veður og voru því fáir mættir við kirkjuna þenn dag. Þó var messað.

Helgi tók eftir því, að prestur var alltaf að gefa hljóðfærinu hornauga meðan hann var fyrir altarinu.

Svo kom að því, að hann „steig í stólinn", eins og lög gera ráð fyrir. Byrjaði hann að vanda: „Það heilaga guðspjall o. s. frv. „stendur skrifað hjá" . . . Lengra komst hann ekki, en segir: „Nei, eg finn það ekki"; (nfl. guðspjallið) „Gísli í Erku, komdu hjer!" – (Gísli var meðhjálparinn). Gísli gekk upp að stólnum, benti sjera Eggert á guðspjallið og segir: „Þetta er það". „Nei, nei", segir prestur, „þetta er ekki hið rjetta; við skulum þá bara sleppa því" – og það gerði hann. Svo hjelt guðsþjónustan áfram. – Ræðan var stutt, en góð. Að lokinni messu segir prestur við Jón: „Eg gleymdi guðspjallinu; þið hafið tekið eftir því." Þetta gerði ekkert til, því í raun rjettri er Humbug að vera að lesa þetta tvisvar. – Síðan sneri hann sjer að Jóni Pálssyni og segir: „Hvernig er það, er ekki hægt að spila á orgel þetta: „Eldgamla Ísafold"?" „Jú" segir Jón, „en eg man það ekki utan að". – Þá endurtekur prestur aftur: „Eldgamla Ísafold, ástkæra fósturmold". – „Jú, þetta kann eg" segir Jón, „en mig vantar nótur." – „Nú, já" segir prestur, „hver skollinn; það þarf nótur við þetta <u>spilverk</u>."

## „Tíkardalurinn."

Einusinni kvaðst sjera Eggert hafa fengið brjeß frá Árna bónda í Höfðahólum.[x] Brjefinu fylgdi 1 ríkisdalur og þau ummæli með, að nefnd upphæð væri gjöf til Skagastrandarkirkju, sem áheit frá Árna fyrir það, að smalatíkin hans hafði batnað hundapestin. „Eg varð öskuvondur," sagði sjera Eggert, „og sendi auðvitað ríkisdalinn til Árna aftur og skrifaði honum: „Hjermeð sendi eg þjer helvítis tíkardalinn aftur, og uppfrá þessu skaltu bera nafnið „Árni tíkardalur".

[x] í Höfnum